

**FYLGISKJAL NR. 1006**

**DAGS 14.03.1983**

**SAMANTEKT:**

Yfirlýsing frá Ólafi Helgasyni, með samþykki maka, og staðfest af hreppsnefnd Mosfellshrepps (Páli Guðjónssyni þáverandi sveitastjóra og síðar bæjarstjóra Mosfellsbæjar, núverandi framkvstj. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) þann 14. mars 1983.

Hér er felld úr gildi gamalt byggingabréf/leigusamningur (líklega byggður á erfðafesturéttindum þess tíma) sem var dags. 24. apríl 1947. Um var að ræða nýbýli þá, þ.e. 1947, og var það númerað nýbýli 7 og sagt vestan Lágafells og skráð undir nafninu Hamrafell.

Báðir aðilar samþykkja að þessi samningur er þá fallinn úr gildi sem tók gildi 1947. Falla hér þá niður öll erfðafesturéttindi hafi þau verið til staðar.

